

ast húsaágerður beint úr veitingahúsinu Miklagarði, þar sem gestir geta fengið sér kaffi og veitingar, og á sumrin mun vera hugmyndin að flytja megi borð út, ef veður leyfir. Á opnumardaginn var sól og fagurt veður og opið út í garðinn.


Í húsinu eru tæki til raka-jöfnunar auk upphitunar og lýsing er með glóperum. Í aðalsölum eru jodkvartskastarar og í lofti komið fyrir skermum til stjórnumar rafbirtu og dagsbirtu. Arktitekt og aðalumsjón-

armaður er Hannes Kr. Davíðsson. Forstöðumaður hússins hefur verið ráðinn Alfreð Guðmundsson. En hústjórn er þannig skipuð: Páll Línal borgarlögmaður, formaður, Jón Arnþórsson sölustjóri, Ólafur B. Thors borgarráðgjafi, og fulltrúar Bandalags listamanna við opnum hússins voru Vilhjálmur Bergsson, Einar Hákonarson, Kjartan Guðjónsson og Valtýr Pétursson.

Í ávarpi sínu við opnunina sagði Hannes Kr. Davíðsson,

formaður Bandalags ísl. listamanna meðal annars:

„Þegar borgarráð Reykjavíkur samþykkti að fela Bandalagi ísl. listamanna að tilnefna fjóra af sjö mönnum í húsráð, þá tók stjórn bandalagsins það svo, að á listamennina sjálfa væri lögð sú skylda að gæta þess ætíð að ekki yrði þrengt að listinni í húsinu. Jafnhliða því að af lista mönnum væri létt þeim áhyggjum sem fylgja daglegu umstangi við umsýslu og viðhald húsa. Vissulega væri það góð þróun, eins og borgarstjóri talaði um hér áðan, ef listamenn gætu komið hingað og flutt verk sín hvort heldur orðlist í bundnu máli eða óbundnu eða tónlist, auk myndlistarinnar, í þeim sibreytileika tjáningar sem iðkendir hennar nota. En um tjáningu listamanna skyldi ekki einvörðungu meta gildi gamalla venja eða ríkjandi viðhorfa hvert sinn, því að þar skilur allá jafna að listamaður fer sínar eigin götur og er oft langt á undan samtíðarmönnum sínum eða til hliðar við þá. Fyrir hönd Bandalags listamanna þakka ég borgaryfirvöldum framtak þeirra og það traust, sem þau hafa með samþykkt sinni sýnt samtökum listamanna og sú er von mín, að um ráðstöfun hússins sitjum við aðrei föst í viðhorfum kreddna.“



Forsetafrú, Halldóra Ingólfssdóttir, og borgarstjórafrú, Sonja Bachman, skoða eina af myndum Kjarvals.



Guðbrandur Magnússon og frú Matthildur, gamlir vinir Kjarvals og eigendur mynda eftir hann, skoða sýninguna í nýja myndlistarhúsinu.

## Hér á að vera menningar- miðstöð borgarbúa

— sagði Birgir Ísl. Gunnarsson við víslu myndlistarhússins

Herra forseti Íslands, virðulega forsetafrú. Aðrir gestir.

Ég vil í nafni Reykjavíkurborgar bjóða ykkur öll velkomin til þessarar opunar Myndlistarhússins hér á Miklatúni.

Það var þann 14. október 1965, sem borgarráð samþykkti að gangast fyrir byggingu sýningarhúss myndlistarmanna samkvæmt nánara samkomulagi við myndlistarmenn og byggingu sýningarhúss, sem sérstaklega yrði ætlað til sýninga á verkum Jóhannesar S. Kjarvals listmálara. Á þessum sama fund voru og samþykktir tillöguupprættir Hannesar Kr. Davíðssonar arkitekts að Myndlistarhúsum á Miklatúni ásamt tengibyggingu. Þessar ályktanir borgarráðs þann 14. október 1965 voru sérstaklega miðaðar við, að daginn eftir átt. Jóhannes S. Kjarval átræðisafmæli og voru þessar ákvarðanir þá kunngjörðar og byggingarnar á þann hátt tengdar þessu stóru afmæli meistarans.

Undirbúningur framkvæmda hélt síðan áfram, en næsti áfangi varð þann 18. ágúst 1966, en þann dag átt. Reykjavíkurborg kaupstaður 180 ára afmæli. Sá afmælisdagur fór hljótt en þó gerðist þann dag merkur atburður. Um þann atburð var sagt, að ekki væri ólíklegt að hann yrði orsök þess, að síðar myndi talð, að 180 ára afmælisins hefði verið minnst á óvenju eftirminnilegan hátt. Þá safnaðist saman hér á þessum grunni, þar sem við stöndum nú, hópur manna í heidur hryssingslegu veðri. Framkvæmdir við byggingu myndlistarhússins voru að hefjast. Framfarir í flokki fór Jóhannes S. Kjarval, sem stakk fyrstu skóflustunguna. Þeir sem viðstaddir voru þá athöfn minnst hennar sem óvenjulega eftirminnilegs atburðar. Meðstari Kjarval, kom sjálfur með sína skóflu og tók með sér í poka þann jarðveg, sem hann losaði. Hann flutti ávarp og lór með hendingar úr gömlu sálmaversi, þar sem m.a. segir:

„Láttu standa í lífsbók þinni líka þeirra nöfn sem mitt.“

Skyldi ekki mega tálka þessi orð Kjarvals sem árnaðaróskir hins aldna listamanns til allra þeirra mörgu myndlistarmanna, sem eiga eftir að sýna verk sín hér í þessu húsi?

Að lokinn þessari stuttu athöfn þann 18. ágúst 1966 tóku stórvirkar vinnuvélar við og hefur síðan verið unnið við hús íð fram á þennan dag, en dyr þess eru nú opnaðar fyrir borgarbúum. Að visu hafa hér verið haldnar sýningar og samkomur í húsinu ófullgerðu, m.a. í tilfelli Listahátíða 1970 og 1972.

Ég vil nota þetta tækifæri nú og þakka þeim mörgu, sem hér hafa komið við sögu. Ég vil þakka Bandalagi íslenskra listamanna og fulltrúum þeirra samtaka ágætt samstarf við Reykjavíkurborg, og vil þakka arkitekt hússins hans framlag, verktökum öllum og starfsmönnum þeirra þakka ég vel unnin störf, svo og stjórn hússins og starfsfólki. Hér hafa margir komið við sögu, ég nefn engin nöfn, en Reykjavíkurborg þakkar þeim þeirra hlut í þessu veglega húsi.

Í reglum hússins, sem settar voru í borgarráði í samráði við stjórn Bandalags ísl. listamanna, segir að markmið borgarinnar með byggingu og rekstri hússins sé, að þar verði sköpuð aðstaða til að kynna almenningi eftir því sem aðstæður leyfa og henta þykir myndverk, sem eru í eigu borgarinnar og ekki eru þegar aðgengileg úti við eða í stofnunum borgarinnar, sérstaklega þó verk eftir Jóhannes S. Kjarval. Á mörgum undanföllum árum hefur Reykjavíkurborg egnast drjúgt safn góðra listaverka eftir marga listamenn, eldri sem yngri. Gefst nú tækifæri til að kynna borgarbúum þetta listasafn borgarinnar.

Í reglum hússins segir enn fremur, að það sé markmið borgarinnar, að í húsinu verði aðstaða til listsýninga innlendra og erlendra manna og samtaka og hvers konar kynninga á lista- og menningarstarfi, sem eðlilegt þykir að fari þar fram. Samkvæmt þessu á húsið að geta orðið vettvangur



Birgir Ísl. Gunnarsson flytur opunaræðuna.

myndlistar, tónlistar, bókmenntakynninga, ráðstefna og umræðufunda um hvers kyns menningarmál, svo að nokkuð sé nefnt af því sem hér á fram að fara.

Hér á að vera menningarmiðstöð borgarbúa. Hér á engin fordild að ríkja. Um þetta hús og það sem hér fer fram mega standa stórmenn, og hér má helzt aldrei ríkja loðmolla. Hér eiga borgarbúar að geta tekið afstöðu með eða móti stefnum og straumum í listum og menningarmálum, rökrætt og deilt, ýmist á umræðufundum, sem hér má halda eða yfir kaffibolla í veitingahúsinu. Hér eiga ungir listamenn, sem ekki fara alfaraleiðir, að geta kynnt sín verk jafnt á við þá, sem eldri eru og viðurkenningar njóta.

Íslensk myndlist í þeim skilningi, sem við skynjum hana í dag, er ekki ýkja gömul, og íslenskir myndlistarmenn, persónulegir í listsköpun sinni,

eiga sér ekki langa sögu. Frumkvöðarnir eru ekki mjög gamlir menn á okkar mælikvarða, þótt þeir séu ekki lengur ofar moldu. Viðhorf almennings hefur breytst eftir því sem iðkun myndlistar hefur orðið almennari. Alla vega eru viðhorfin önnur en þau, sem Ásgrímur Jónsson greinir frá í endurminningum sínum, en þar segir: „Eitthvað fannst mér á því bera fyrst framan af, að einstaka maður liti mig skrítnu auga fyrir það uppátæki að flakka um landið með lit og málaraspjald, og stundum varð þess vart, að almennur hafði ekkert sem nákvæmstar hugmyndir um tilganginn með slíkri iðju. Maður nokkur í Öræfum sá hjá mér málverk,“ segir Ásgrímur „og hafði orð á því, að þetta væru ákaflega skýr kort og miklu greinilegri en hjá dönsku landmælingamönnum.“ Nú dettur víst fáum í hug að sá sé tilgangur listmálara að útbúa traust landakort, þótt enn megi sjá umkvartanir ýmissa listamanna um misskilning á því, hvað fyrir þeim vaki, enda líklegt að svo verði ávallt meðan menn hafa þor og þrótt til að leita á ný mið í listsköpun sinni.

Myndlistarhúsið, sem við opnum í dag, hefur starfsemi sína með sýningum á verkum Jóhannesar S. Kjarval. Í vestursal hússins, þ.e. salnum nær aðalinnanganginum eru verk, sem fengin hafa verið að láni viðsvegar að, til að setja saman í þessa sýningu. Í austursal húss, þ.e. þeim sal, sem nefndur verður Kjarvals-salur, eru eingöngu verk í eigu Reykjavíkurborgar. Þar kemur í fyrsta sinn fyrir almenningssjónir hluti mikils safns af skissum og teikningum, sem Kjarval færði Reykjavíkurborg að gjöf og Geir Hallgrímsson, þáverandi borgarstjóri, tók við úr hendi listamannsins þann 7. nóvember 1968. Skissur þessar og teikningar voru margar í slæmu ástandi, enda sumar áratuga gamlar og ekki alltaf geymdar við beztu aðstæður. En nú eftir að listamaðurinn

Frank Ponzi hefur farið um þær næmum listamannshöndum sínum, er hér um að ræða hið fegursta safn og ómetanlega heimild um þroskaferil Kjarvals og sérstæða listsköpun. Að þessu sinni er þó ekki unnt að sýna nema hluta þessa mikla safns. Reykvikingar minnst listamannsins með vörðingu og þökk fyrir þessa höfðinglegu gjöf.

„L'stin er löng, en lífið er stutt,“ segir hið fornkvæða. Og víst er það, að Kjarval mun í fa í verkum sínum svo lengi sem Ísendingar verða menningarþjóð. En þó finnst okkur, sem urðum honum samferða, þó ekki væri nema smáspöl á lífsleið hans, að hinn mikli og sérstæði persónuleiki hans veiti okkur aukna sýn inn í verk hans — þroski með okkur skilning á hans margsiungna hugarheimi, sem birtist í verkum hans.

Fáir settu meiri svip á borgina en hann í lifanda lífi. Og þótt fyrirmyndir hans væri ekki sóttar til borgarinnar, heidur í flestum tilvikum út fyrir borgarmörkin, í hina ósnortnu náttúru, þá var Kjarval borgarbúi, sem sótti kraft og uppörvun í liðandi borgarlífi. Í blaðavíðtali, þar sem blaðamaðurinn hitt. Kjarval á Hótel Borg eitt sinn, er Kjarval var nýkominn af Snæfellsnesi, sagði hann við blaðamanninn á þessa leið: „En þó ég væri langt burtu, vestast á Snæfellsnesi, fannst mér ég vera innsta húsið við Hringbrautina. Ég var alltaf í svo nánu sambandi við borgina. Ég varð að fara á tíu daga fresti til Reykjavíkur, til að sjá fólk, ef ég átti að geta haldið áfram að vinna þarna vestur frá og tapa ekki samfélaginu við bæjarfélagið.“

Þetta voru orð borgarbarnsins Jóhannesar S. Kjarvals og þau spegla þörf fyrir borgarlífið og ást á borginni. Hug sinn til Reykjavíkur sýndi hann og með sinni sérstæðu gjöf, sem við njótum nú í dag.

Með opnun þessa húss hefur sá langþráði draumur rætt, að myndlistin í borginni fái veglegan samastað. Ég vona að hús þetta verði listamönnum hvatning til góðra verka og borgarbúar megi sækja hingað þann unad og andlegu uppörvun, sem góð list fær megnad að veita. Myndlistarhúsið á Miklatúni er opnað.